

Stigs Agabrot

1

Brot á skólareglum og hegðunarfrávik svo sem þras, ögrun, rifrildi, truflun, vinnur ekki, slæm umgengni og virðir ekki mörk.

Viðbrögð starfsmanns

- Minnir á skólareglur og gefur skýr fyrirmæli.
 - kannar hvort nemandi skilur fyrirmæli
 - Endurtekur ef þörf er.
- Hrós fyrir árangur.

Ef fyrirmæli hunsuð:

- Þjóða nemandi tvo skýra valmöguleika.
- Ef nemandi fylgir fyrirmælum, skal hrósa því.

Ef fyrirmæli hunsuð:

- Hegðunin skilgreind sem annars stigs brot.

Stigs Agabrot

2

Ítrekað brot á skólareglum. Særandi og/eða niðrandi orðbragð, ósannsögli, svindl, áreiti, stríðni, fylgir ekki fyrirmælum og stýmpingar.

Viðbrögð starfsmanns

- Minnir á skólareglur og gefur skýr fyrirmæli.
 - Kannar hvort barn skilur fyrirmæli
 - Endurtekur ef þörf er.
- Hrós fyrir árangur

Ef fyrirmæli hunsuð:

- Starfsmaður sest niður með barni sem fyrst og eigi síðar en við lok skóladags.
- Forráðamenn upplýstir.

Við endurtekin brot:

- Umsjónarkennarar kalla forráðamenn á fund með barni til að ræða næstu skref.

Stigs Agabrot

3

Ógnandi og ögrandi hegðun, niðrandi orðbragð, áreiti, líkamleg átök, myndataka af öðrum án leyfis.

Viðbrögð starfsmanns

- Barn áminnt, orð sett á hegðun, forráðamenn látnir vita.
- Ef brot endurtekið má vísa barni fram. Kennari ræðir við barn innan 10 mínútna.

Vísun til deildarstjóra:

- Ef barn treystir sér ekki inn í bekk er því vísað til deildarstjóra.
- Deildarstjóri ræðir við barn og fer yfir málavexti og gefur því tækifæri til að tjá sig.

Úrræði eftir þörfum:

- Ef barn nær ekki að róa sig fær það að jafna sig í sérými eða hjá deildarstjóra.
- Eftir atvikum eru málsaðilar leiddir saman til að byggja upp traust.

Umsjónarkennari upplýsir forráðamenn allra aðila

- Ef hegðun breytist ekki, eru úrræði möguleg svo sem:
 - Hringt í forráðamenn til að sækja barn.
 - Forráðamenn sitja með barni í kennslustund.
 - Missir frímínútur eða önnur gæði tímabundið.
 - Málið tilkynnt til Barnaverndar ef nauðsyn krefur.

Stigs Agabrot

4

Alvarlegt líkamlegt ofbeldi, skemmdarverk (t.d. veggjakrot og skemmd á eign skólans) þjófnaður, óæskileg kynferðisleg hegðun, vopnaburður, áfengis og vímuefnanotkun.

Viðbrögð starfsmanns

- Barn fer strax til skólastjórnanda. Forráðamenn sækja barn í skólann.
- Fundur daginn eftir.

Við áframhaldandi hegðun

- Forráðamenn sitja með barni í kennslustund.
- Barn vinnur utan kennslustofu.
- Foreldranámskeið eða námskeið fyrir nemendur.
- Tímabundinn missir á frímínútum eða öðrum gæðum.
- Málið tilkynnt til Barnaverndar.

Skólastjórnanda er heimilt að vísa barni úr skóla tímabundið (allt að þremur dögum) meðan unnið er í málinu.

Veipreykingar:

- Ef grunur er um veipreykingar eða vímuefnanotkun inni á salernum skólans eða öðrum stöðum þá er öllum viðstöddum börnum vísað heim. Fundur næsta dag með foreldrum og skólastjórnendum.



DALSKÓLI
HAMINGJAN ER FERÐALAG

Hegningarlagabrot eru tilkynning til lögreglu í síma 112. Ef grunur eða víska er um eftirfarandi:

- Kynferðislegt ofbeldi.
- Líkamsárás með alvarlegum meiðslum eða hættulegri aðferð: Beinbrot, tannáverkar, höfuðmeiðsl, augnáverkar.
- Þrenging að öndunarvegi, spark í höfuð eða beiting vopna.
- Notkun, dreifing eða sala vímuefna.
- Skemmdarverk með umtalsverðu tjóni
- Rúðubrot, innbrot í tölvukerfi, íkveikjur o.fl.
- Þjófnaður á verðmætum munum eða gögnum skólans: T.d. tölvur, tölvubúnaður, hljóðfæri o.s.frv.